

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 22/2004

frá 19. mars 2004

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2004 frá 6. febrúar 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1490/2003 frá 25. ágúst 2003 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽²⁾ skal feld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32003 R 1490:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1490/2003 frá 25. ágúst 2003 (Stjtið. ESB L 214, 26.8.2003, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1490/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. mars 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 20, 22.4.2004, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 214, 26.8.2003, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

